

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 1/1909:

Þorsteinn Magnússon
gegn
Sigfúsi Sveinbjarnarsyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, er Þorsteinn kaupmaður Sigurðsson í Reykjavík höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Þorsteini Magnússyni, sjómanni í Reykjavík, til greiðslu á víxli, er hann þá var eigandi að, útgefnum 18. desember 1907 af áfrýjanda, að upphæð 4000 kr., sem afsagður var fyrir greiðslufall daginn eftir gjalddaga víxilsins 18. febrúar f. á., var áfrýjandinn ásamt samþykkjanda víxilsins og þremur ábekingum með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 2. apríl f. á., dæmdir til þess einn fyrir alla og allir fyrir einn að greiða nefndum Þorsteini Sigurðssyni upphæð umgetins víxils, 4000 kr., með 6 0/0 ársvöxtum frá 17. febrúar 1908 til borgunardags, þóknun $\frac{1}{3}$ 0/0 af sömu upphæð, afsagnarkostnað 5 kr. og málskostnað 30 kr.

Áfrýjandinn kom eigi í bæjarþingsréttinn þó að honum væri stefnt þangað, og lét eigi heldur neinn koma þar af sinni hendi, en hann hefir nú skotið téðum dómi til yfirdómsins með stefnu dags. 5. janúar þ. á., og fengið til þess uppreistarleyfi og leyfi til að leggja fram í yfirdóminum ný skjöl og skilríki, og eru leyfi þessi útgefin sama dag og áfrýjunarstefnan. Hefir áfrýjandi stefnt fyrir yfirdóminum sem varnaraðila hinum stefnda Sigfúsi Sveinbjarnarsyni, fasteignasala í Reykjavík, með því að Sigfús hefir fengið dómkröfuna eftir hinum áfrýjanda

dómi framselda til eignar af dómbafa, og krefst áfrýjandi þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að hann verði sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum í máli þessu og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá stefnda eftir mati yfirdómsins. Af stefnda hálfu er þess aftur á móti krafist, að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda, sérstaklega kröfum um breytingu dómsins og af málskostnaðarkröfunni, og að honum verði dæmdur málskostnaður hjá áfrýjanda eftir mati yfirdómsins.

Það er sannað með prestsvottorði, er lagt hefir verið fram fyrir yfirdóminum af áfrýjanda hálfu, að hann var að eins rúmra 23 ára að aldri, er hann 18. desember 1907 ritaði nafn sitt á umræddan víxil sem útgefandi hans, og gat hann því eigi að lögum undirgengist víxilskyldur með undirskrift sinni einni, án þess tilsjónarmaður ritaði undir með honum eða gæfi til samþykki sitt, en það hefir eigi verið fengið. Það verður því, eins og krafist hefir verið af áfrýjanda hendi, að sýkna hann fyrir allri skyldu til að taka þátt í greiðslum þeim, er leiddu af greiðslufalli á umræddum víxli, og ber að breyta hinum áfrýjaða dómi að því leyti. Stefndi í máli þessu hefir kannast við það, að honum hafi verið framseld krafan gegn áfrýjanda eftir dóminum, og að hann því nú sé eigandi hennar, og hann hefir ekki neitað því, að hann hafi samkvæmt þessu framsali krafist fullnægingar dómsins hjá áfrýjanda, en þá getur, — þótt hann hafi viljað halda öðru fram, — engiun vafi verið á því, að málinu er réttilega beint að honum. Þykir rétt að hann greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Afryjandinn Þorsteinn Magnússon á að vera sykn af kröfu stefnda Sigfúsar Sveinbjarnarsonar um fullnustu fyrir greiðslufall á vixli þeim, er ræðir um í máli þessu. Stefndi greiði áfryjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1909:

Réttvísir

gegn

Bjarna Sigurðssyni og
Sigvalda Guðmundssyni.

Dómur:

Með því að undirdómarinn í máli þessu hefir eigi samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 31. maí 1805, 4. gr. ritað á dómsgjörðirnar yfirlýsingu sína um, að hann fyrir sitt leyti gjöri sig ánægðan með þann stefnufrest, sem tiltekinn er í stefnunni til ákærða, og eigi heldur í þeirri stefnu skírskotað til téðrar tilskipunar, þá ber að vísa málinu frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.